



Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og öldungaráðs 22. september 2015

Velferðarsvið og málefni eldri borgara

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri



VELFERÐARSVIÐ

Yfirlit

- Stefna
- Þjónusta
- Framtíðin



Stefna í málefnum eldri borgara til ársins 2017

Stefna í málefnum eldri borgara er sýn til framtíðar og snýst um það hvernig borgin getur stutt við samfélagsþátttöku og virkni eldri borgara.





Aldursvæn borg

Verkefni á vegum WHO – Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar

„Markmiðið með því að taka þátt í Aldursvænum borgum er að meta stöðu Reykjavíkurborgar m.t.t. aðgengis og umhverfispátta, móta stefnu til framtíðar og framfylgja aðgerðum sem miða að því að gera borgir aðgengilegar, aðlaðandi og hentugar fyrir eldri íbúa.“

Þjónusta velferðarsviðs

- Sex þjónustumiðstöðvar



Félagsstarf

- 17 félagsmiðstöðvar
- Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf auk fjölda námskeiða.




Dagvist fyrir aldraða

- Dagvist fyrir aldraða sem þurfa félagslegan stuðning og einnig hjúkrunardagvist vegna heilabilunar



Matarþjónusta

- Heimsendur matur og matur á félagsmiðstöðvum



Akstursþjónusta

- Akstursþjónusta eldri borgara er fyrir þá íbúa Reykjavíkur sem eru 67 ára eða eldri, búa sjálfstætt og eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.



Hjúkrunarheimili

- Ríflega 100 hjúkrunarrými á tveimur stöðum, Droplaugarstöðum og Seljahlíð





Þjónustubúðir

Markmið með rekstri þjónustuíbúða er að mæta þörfum íbúa sem þar búa, stuðla að sjálfstæði þeirra svo sem hvað varðar fjármál og heimilishald og stuðla að sem mestri sjálfsbjargargetu hvers og eins. Þeim er ætlað að vera íbúum hentugur bústaður þar sem þeir geta haldið eigið heimili sem lengst við ákjósanlegar aðstæður. Með því móti er leitast við að fresta eða koma í veg fyrir stofnanadvöl.

Heimapjónusta og heimahjúkrun

- Félagsleg heimapjónusta er fyrir alla aldurshópa. Þjónustan er fyrir borgarbúa sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda, barnsburðar eða fötlunar. Þörf umsækjanda er metin í hverju einstöku tilviki.



Heimabjónusta og heimahjúkrun

- Heimabjónusta Reykjavíkur veitir hefðbundna heimahjúkrun. Markmið þjónustunnar er að gera þeim sem hennar njóta kleift að búa heima við sem eðlilegastar aðstæður þrátt fyrir veikindi eða heilsubrest í náninni samvinnu við íbúann sjálfan og aðstandendur þeirra.



Nýsköpun og endurskipulagning þjónustu

- Nýsköpunarverkefni og nýsköpunarsamkeppnir - [dæmi](#)
- Endurhæfing í heimahúsi
- Endurskipulagningu á þjónustu við aldraða
- Áherslur þjónustuhóps aldraðra
- Húsnæðismál eldri borgara
- Samstarf velferðarsviðs og öldungaráðs

